**ÍSAN1GB05**

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

| Kennari: | **Sigþrúður Harðardóttir** |
| --- | --- |

**Áfangalýsing:**
Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

**Undanfari:** Reiknað er með að nemendur hafi lokið ÍSAN1GA05.

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum.
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta (fréttir, sögur)
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

**Námsefni:**

- Íslenska fyrir okkur hin (IÐNÚ)
- Verkefnablöð frá kennara
- Kæra dagbók 2 og 3 (námsefni frá MMS)
- Hitt og þetta (námsefni frá MMS)
- Fréttir, blaðagreinar og annað efni af vef
- Menntamálastofnun – léttlestrarbækur og verkefni
- Hlustun og áhorf (af vef RUV o.fl.)

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|
| 5. janúar –<br>2. febrúar | ✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>✓ Tónlistar- og textaverkefni<br>✓ Hlustun og áhorf<br>○ | Hlustunarverkefni<br>Ritunarverkefni<br>Munnleg kynning<br>Lesskilningspróf |
| 5. febrúar-<br>1. mars | ✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>✓ Hlustun og áhorf<br>✓ Dagbókarskrif og önnur ritun<br>✓ Málfræðiverkefni<br>✓ | Próf úr ,,Kæra dagbók“<br>Munnlegt próf<br>Hlustunarverkefni<br>Ritunarverkefni |
| 4. mars-<br>5. apríl | ✓ Áhugasviðsverkefni. Lesið efni og unnin kynning, skrifleg og munnleg á viðfangsefni sem tengist áhugasviði nemanda.<br>✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>✓ Skáldsaga (léttlestur) og verkefni<br>✓ | Hlustunarverkefni<br>Ritunarverkefni<br>Munnleg kynning<br>Lesskilningspróf |
| 8. apríl-<br>8. maí | ✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun<br>✓ Hlustun og áhorf<br>✓ Dagbókarskrif og önnur ritun<br>✓ Málfræðiverkefni<br><br>Síðasti kennsludagur er 8. maí | Munnlegt próf<br>Málfræðipróf<br>Hlustunarpróf |

**Sérreglur áfangans:** Ekkert lokapróf er úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum námsþáttum og próf eftir atvikum. Námsmat fer fram alla önnina.

**Námsmat (skilaverkefni):**
Talað mál og hlustun:  25%
Lesskilningur: 25%
Ritun: 25%
Skilaverkefni - *Áhugasviðsverkefni:* 15%
Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**
Janúar 2024
Sigþrúður Harðardóttir